

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, Kröflusvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, frá 31. desember 1997.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Jarðhitanýtingarsvæði eru afmörkuð sem iðnaðarsvæði og skiptast í a) núverandi virkjana- og orkuvinnslusvæði, b) „Vestursvæði“ og c) Sandbotna.
- Göngustígar eru uppfærðir.
- Bílastæði eru sett á uppdrátt auk þess sem tilgreint er að til þess gæti komið að þörf yrði á nýjum stæðum á skipulagstímabilinu.
- Opið svæði til sérstakra nota, útivistarsvæði er afmarkað í Leirbotnum fyrir skíða-iðkun.
- Skýringarlína er sett á uppdrátt sem skiptir jarðhitaréttindasvæði Landsvirkjunar í svæði A, Kröflusvæði, og B, Bjarnarflagssvæði.
- Mörk reits sem Landsvirkjun fékk leyfi iðnaðarráðuneytisins til að rannsaka jarðhita á þann 1. júní 2002, eru sett á uppdrátt til skýringar.
- Hverfisverndarsvæði eru afmörkuð á uppdrætti.
- Fornleifar eru merktar á uppdrátt vegna tveggja rústa innan jarðhitasvæðis A.
- Núverandi Reykjahlíðarlína er merkt inn á uppdrátt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skútustaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 31. ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.